



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 3. september 2024, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson

1. Landsþing LH

Sprettur á 27 fulltrúa á Landsþingi LH. Ekkert erindi sent inn varðandi keppnismál frá Spretti að þessu sinni. Rætt um vettvang til að geta skráð hugmyndir sem koma á milli þinga. Sigurbjörn setur upp lista fyrir hugsanlega þátttakendur.

2. Félagsfundur

Stefnt að því að halda Félagsfund miðvikudaginn 25. sept. Eftirfarandi atriði voru nefnd sem hugsanlegir dagskrárliðir en farið verður betur yfir það síðar.

Afreksstefna Sprettis, staða framkvæmdastjóra, samstarf við bæjarfélögin, verkefnum sem hafa verið í vinnslu undanfarið, fjárhagsstaða félagsins og afkoma landsmóts.

3. Fundur með bæjarstjórum

Fundur með bæjarstjórum Kópavogs og Garðabæjar verður haldinn á föstudaginn kl. 14:30, Hermann, Jónína og Sigurbjörn mæta á fundinn.

Fyrirhugað er að taka fyrir ma. Fjármál félagsins, innviðaupbyggingu, snjómokstur, reiðvegamá, sjálfbærnimál og uppgræðslu svo eitthvað sé nefnt.

4. Rafmagnsmál

Það mun kosta Sprett ca. 500 þú að ganga frá nauðsynlegum rafmagnsmálum. Hermann er með málið í vinnslu.

5. Vallarmál

Verið er að endurgera Collect hringinn, vaskir nefndarmenn vallarnefndar eru með málið í vinnslu ásamt dyggum aðstoðarmönnum.

6. Waldorfskólinn

Erindi frá Waldorfskólanum, vilja fá aðstöðu í félagshesthúsinu og hugsanlegan aðgang að reiðhöll ef veður verður vont.

7. Plan á reiðhöllum

Verð fyrir leigu á reiðhöllum var ákveðin. Sigurbjörn og Katla eru með bókanir fyrir Reiðmanninn í skoðun. Stjórn svarar töltgrúppunni með hugmynd að tímasetningu.

8. Lyklar að reiðhöllinni

Ákvörðun tekin um að bjóða eftirfarandi áskriftir að lyklum í reiðhallirnar: 3 mánaða áskrift, 6 mánaða áskrift og 12 mánaða áskrift.

Opnunartím fyrir 3 og 6 mánaða áskrift er 14 – 24 og 06-24 fyrir 12 mánaða lykla.

9. **Rúlluplanið**

Davíð er með utanumhald í ferli.

10. **Taðkarapjónusta**

Tekið fyrir á næsta fundi

11. **Uppskeruhátíð**

Rætt um að biðja yfirþjálfara að koma að undirbúningi uppskeruhátíðar.

12. **Deildarinar**

Verður tekið fyrir fljótlega

13. **Tiltekt á félagatali**

Tiltekt á félagatali Spretts rædd og ákveðin.

Fundi slitið kl. 20:10

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson